

STJÓRNARTÍÐINDI B 86 – 1997

16. október 1997

1317

Nr. 586

REGLUGERÐ

um (1.) breytingu á reglugerð nr. 485/1995 um tekjutryggingu.

1. gr.

6. gr. orðast svo:

Allar skattskyldar tekjur skal taka til viðmiðunar við ákvörðun tekjutryggingar, að frá-dregnum bótum almannatrygginga og félagslegri aðstoð sveitarfélaga.

Við ákvörðun tekjugrundvallar skulu fjármagnstekjur metnar að 50 hundraðshlutum.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 66. sbr. 17. og 18. gr. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar, öðlast gildi 1. nóvember 1997.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 16. október 1997.

Ingibjörg Pálmadóttir.

Jón Sæmundur Sigurjónsson.

13. október 1997

Nr. 587

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 372 25. október 1976 um vöruhappdrætti Sambands íslenskra berklasjúklinga, sbr. reglugerð nr. 502/1984.

1. gr.

Í stað „12. janúar“ í 9. gr. komi: 14. janúar.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 18 22. apríl 1959 um vöruhappdrætti fyrir Samband íslenskra berklasjúklinga, öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglu-gerð nr. 502/1984.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 13. október 1997.

F. h. r.

Þorsteinn Geirsson.

Jón Thors.

B 92

Gutenberg